

Beiðni um skýrslu

frá efnahags- og viðskiptaráðherra um stöðu gjaldeyrismarkaðar og greiðslumiðlunar við útlönd frá 1. október 2008 til 31. janúar 2009.

Frá Pétri H. Blöndal, Helga Hjörvar, Álfheiði Ingadóttur,
Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Lilju Rafneyju Magnúsdóttur,
Tryggva Þór Herbertssyni, Magnúsi Orra Schram,
Þór Saari og Birki Jóni Jónssyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að efnahags- og viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu gjaldeyrismarkaðar og greiðslumiðlunar við útlönd frá 1. október 2008 til 31. janúar 2009. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Hvernig aðstæður voru í gjaldeyrismálum og greiðslumiðlun við útlönd frá 1. október 2008 til 31. janúar 2009 og enn fremur:
 - a. hvaða vandamál komu upp og
 - b. hvernig þau voru leyst.
2. Hvaða áhrif hafði staða gjaldeyrismála og greiðslumiðlunar á:
 - a. Seðlabankann,
 - b. banka- og fjármálakerfið,
 - c. innflytjendur,
 - d. útflytjendur,
 - e. ferðamenn,
 - f. námsmenn og Íslendinga búsetta erlendis,
 - g. aðra,
 - h. stjórnsmál og samskipti við erlend ríki.
3. Hvaða viðbragðsáætlanir þurfi að vera tiltækar svo að slík staða komi ekki upp aftur.

Greinargerð.

Skýrslubeiðni þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en er nú endurflutt.

Mjög slæm staða á gjaldeyrismarkaði og í greiðslumiðlun við útlönd í kjölfar hrunsins og setningar hryðjuverkalaga í Bretlandi hafði víðtæk áhrif á allt þjóðlífið og olli mörgum þungum búsisfjum. Eðlileg bankaviðskipti gengu hægt og einstaklingar og fyrirtæki gátu ekki millifært fjármuni sína til og frá landinu. Viðskiptasambönd sködduðust þar sem innlendir aðilar gátu ekki staðið við skuldbindingar sínar og álit ríkisins beið mikinn hnekki. Þessi staða veikti stöðu íslenskra stjórnvalda í viðkvæmum deilumálum við erlend ríki, t.d. um tryggingar innstæðna í erlendum útibúum innlendra banka. Það er mikilvægt að þessi staða verði könnuð með trúverðugum hætti.

Til að tryggja trúverðugleika skýrslunnar, jafnt innan lands sem utan, telja skýrslubeiðendur æskilegt að ráðherra leiti eftir samstarfi við norræna seðlabanka um að þeir tilnefni t.d. þrjá sérfræðinga á sviði alþjóðlegrar greiðslumiðlunar í nefnd til þess að vinna skýrsluna.

Gera mætti ráð fyrir að nefndin aflaði aðallega upplýsinga hjá starfsmönnum Seðlabanka Íslands og eftir atvikum hjá erlendum aðilum en einnig hjá ráðuneytum, ýmsum samtökum atvinnulífsins, námsmanna, lífeyrissjóða o.fl.

Skýrslan kann að hafa mikið gildi fyrir aðrar þjóðir um það sem gerist í kjölfar hruns fjármálakerfis þjóðar en hún getur einnig verið trúverðugt gagn í hugsanlegum málaferlum opinberra aðila og einkaaðila vegna atvika sem urðu eftir hrun.